



Alþingi  
Erindi nr. P 122/126  
komudagur 18.3 P 122/126

18. mars 1998.

Allsherjarnefnd  
Alþingis.

Áfengisvarnaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til áfengislaga, 478. mál, heildarlög.

Ráðið hefur rætt frumvarpið og þætti vænt um að fá að eiga orð við háttvirta allsherjarnefnd áður en það verður afgreitt. Eftirfarandi athugasemdum vill það koma á framfæri:

1. 1. gr. laganna er út í hött og tæpast í nokkru samræmi við ýmislegt gott sem á eftir fer. Hún gæti hins vegar sómt sér sem stefnuyfirlýsing samtaka áfengisframleiðenda. Í núgildandi lögum er greinin þannig: „Tilgangur þessara laga er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.“ Þarna kveður við nokkuð annan og skýrari tón. Eins og greinin er í frumvarpinu gæti falist í henni að allir, jafnvel þeir sem ekki neyta áfengis að jafnaði, skuli temja sér svokallaða „hófsemd“ í drykkju. Þar að auki hefur hugtakið „hófsemd“ enga ákveðna merkingu. Til að mynda yrðu margir Danir og Frakkar, sem temja sér „hófsemd í meðferð áfengis“, umsvifalaust sendir í „meðferð“ ef beitt væri á þá íslenskum staðli.

2. Samkvæmt 6., 8. og 9. gr. á ríkislögreglustjóri að ákveða hverjir fá leyfi til að framleiða áfengi, flytja það inn í atvinnuskyni og selja það í heildsölu. Nú er það vald í höndum fjármálaráðherra. Þarna er um að ræða atriði sem skipta miklu varðandi áfengismálastefnu hverju sinni. Því er eðlilegt að þetta vald sé í höndum framkvæmdavaldsins sjálfs, sem ber ábyrgð gagnvart Alþingi, en ekki eitt af verkefnum embættismanns.

3. Mikilvægir þættir, sem í raun varða áfengismálastefnu, eru færðir frá lögreglustjórum til sveitarfélaga en voru áður í höndum ráðherra, sbr. 10. og 13. gr. Þar er um að ræða leyfi til rekstrar áfengisútsölu og leyfi til áfengisveitinga. Vafasamt var á sínum tíma að flytja þetta vald frá ráðherrum í landi sem ekki er fjölmennara en meðalstórt hverfi í einhverri heimsborginni enda hefur fjölgun áfengisveitingastaða aldrei verið meiri en síðan vald til leyfisveitinga var flutt til lögreglustjóra. Hætt er við að keyri um þverbak ef sveitarstjórnir, jafnvel í hinum fámennustu byggðum, fá þetta vald. Kemur þar margt til eins og flestum ætti að vera ljóst, svo sem kunningsskapur og ýmiss konar tengsl við þá sem vilja komast yfir áfengisveitingaleyfi, svo og venjulegt lýðskrum (populismi).

4. Afnumin er í 12. gr. lokun áfengisútsöluastaða eftir hádegi á laugardögum og á aðfangadögum stórhátíða. Spyrja má hvort slíkt sé líklegt til að efla heilbrigt fjölskyldulíf í landinu og stuðla að gleðilegum jólum fyrir þann fjölda barna sem kvíðir flestum hátíðum. Rannsóknir annars staðar á Norðurlöndum sýna að það eru einkum unglingar og fólk sem drekkur sér til vansa sem kaupir áfengi síðustu stundirnar fyrir stórhátíðir.

5. Vísun til 24. gr., um afturköllun leyfa, vantar í V. kafla.

6. Hvergi er getið um í frumvarpinu að veitingahús skuli vera 1. flokks til að öðlast leyfi til áfengisveitinga. Jafnframt er matsnefnd lögð niður. Þetta orkar mjög tvímælis, bæði hvað varðar samræmi í leyfisveitingum og þó enn frekar hvað snertir kunningsskap og persónuleg tengsl, sbr. athugasemd nr. 3. Þá er og hætta á að jafnvel léleg veitingahús og staðir, sem einkum eru sóttir af börnum og unglíngum, fái áfengisveitingaleyfi.

7. Í athugasemdum við V. kafla, þar sem sagt er frá tillögum nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði „ til að gera tillögur um endurskoðun á gildandi ákvæðum laga um skilyrði fyrir veitingu leyfa til áfengisveitinga..., segir: „Að lokum var lagt til að sérákvæði í 12. gr. áfengislaga um eftirlit með áfengisveitingahúsum yrði afnumið ásamt heimild til að krefja veitingamenn um endurgreiðslu löggæslukostnaðar.“ Þarna er greinilega verið að þjóna hagsmunum veitingamanna. Ríkið ber engan kostnað af þessu eftirliti - en hins vegar er það álit þess manns, sem gerst þekkir til þessara mála um land allt, Alexanders Alexanderssonar, að hvergi sé eftirlitið jafnvirkt og þar sem sérstakir eftirlitsmenn sinna því.

8. Að öðru leyti er flest í þessu frumvarpi líklegt til að verða til bóta.

Virðingarfyllst,  
f. h. Áfengisvarnaráðs

  
Ólafur Haukur Arnason